

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
v.t. Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2024

Efni: Umsögn FÍN vegna frumvarps til laga um Umhverfis- og orkustofnun, sbr. Þingskjal 817 – 585. mál á 154. löggjafabingi 2023-2024.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra hefur lagt fram frumvarp að lögum um Umhverfis- og orkustofnun.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) lagði fram umsögn, dags. 12. júní 2023, vegna fyrirhugaðrar sameiningar 10 stofnana ráðuneytisins, sbr. mál nr. 103/2023, og er sú umsögn ítrekuð eins og við getur átt.

Almennt

Vert er að ítreka að félagið gerir ekki athugasemdir við að ríkið skipti stofnunum upp, sameini stofnanir, flytji verkefni milli stofnanna eða leggi störf niður svo framarlega að réttum ferlum og ákvæðum laga sé fylgt. Félagið telur mikilvægt að starfsfólki sé sýnd virðing í slíkum áformum, að verklag og framkvæmd sé fyrirsjáanleg, skýr og gætt sé í hvívetna að starfsfólk hljóti ekki skaða af slíkum breytingum.

FÍN fagnar að tekið hafi verið tillit til þónokkuð af atriðum sem m.a. FÍN benti á í fyrri umsögn félagsins, þó félagið þyki stofnanasamningum hafi ekki verið gert nægjanlega hátt til höfuðs og mikilvægi þess að stofnanasamningar á hinni nýju stofnun taki gildi frá og með þeim degi sem ný stofnun tekur til starfa. Leggja þarf áherslu á að kjör starfsfólks hjá hinni nýju stofnun verði skýr þannig að starfsfólk viti að hverju það gengur og þarf ráðherra því að koma þeirri vinnu í ferli sem allra fyrst.

Bráðabirgðaákvæði frumvarps

Í athugasemdum við umrætt frumvarp kemur m.a. fram að ekki sé gert ráð fyrir að störf hjá hinni nýju stofnun verði „[...]auglýst nema starfsfólk viðkomandi stofnana þiggi það ekki eða það samræmist ekki þeirri þekkingu eða færni sem er til staðar hjá starfsfólkinu.“ Segir einnig að ætlunin sé að forstjóri hinnar nýju stofnunar fái í hendur greinagerð um mat á stöðu mannauðsmála og tillögur að aðgerðum. Með öðrum orðum þá virðist sem ætlunin sé að nýr forstjóri bjóði ótilgreindu starfsfólki núverandi stofnana starf á grundvelli mats mannauðshóps stofnanna útfrá greiningu þess hóps. Í slíku fellst ekki eiginlegur forgangur eins og ákvæðið er orðað, heldur frekar skylda nýs forstjóra að líta fyrst til núverandi hóps starfsfólks við ákvörðun skipan starfsfólks hjá hinni nýju stofnun. Að mati FÍN felur hvorki orðalag greinargerðarinnar né orðalag bráðabirgðaákvæðisins í sér skýringar á því í hverju forgangur felst eða hvernig framkvæmd skuli hagað. Réttilega kemur fram að núverandi starfsfólk þurfi ekki að sækja um störf sín heldur þurfi að sitja við þá óvissu hvort nýjum forstjóra hugnist bjóða þeim starf hjá hinni nýju stofnun útfrá greiningu mannauðshóps.

Að framangreindu virtu verður vart annað talið en að sú óvissa sem var fyrir geti orðið enn meiri og vill FÍN ítreka það sem kemur fram í fyrri umsögn félagsins að slíkt sé „[...]Jávisun á óróleika, hræðslu og mögulegan flótta frá undirliggjandi stofnunum með tilheyrandi tapi á þekkingu og reynslu og væntanlegum örðugleika á að ná markmiðum sameiningar með sannfærandi hætti.“ FÍN telur það mun heillavænlegra að það komi skýrt fram að störf verði lögð niður hjá undirliggjandi stofnunum og öllum verði boðið starf hjá hinni nýju stofnun og þannig verði öllum vafa eytt hið fyrsta. Hin leiðin er

líka fær að flytja starfsfólk yfir til hinnar nýju stofnunar með réttindum og skyldum, þ.e. á grundvelli aðildaskiptalaga nr. 72/2002. Vísar FÍN til fyrri umsagnar hvað þetta varðar.

FÍN áskilur sér rétt til að leggja fram ítarlegri og frekari umsögn að virtu samráði við félagsfólk félagsins, hvort sem er í framhaldi af umsögn þessarar og/eða við birtingu frumvarpsdraga í samráðsgátt.

Virðingarfyllst f.h.

Félags íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir, formaður



Runólfur Vigfússon hdl.